

Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2017

Árið 2017 var hagfelld árið fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn þegar horft er til ávöxtunar. Fjárfestingarleiðir sjóðsins skiluðu nafnávöxtun á bilinu frá 5,8% til 6,9% sem samsvarar raunávöxtun á bilinu frá 4,0% til 5,0%.

Úrvalsvísitala hlutabréfa lækkaði um 4,4% á árinu 2017 og heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) hækkaði um 9,7% mælt í íslenskum krónum. Eftir mikla gengisstyrkingu árið 2016 endaði gengisvísitala krónu í lok árs á nánast sama gildi og í ársbyrjun þrátt fyrir talsverðar sveiflur yfir árið, styrking krónunnar nam 0,7% árið 2017. Íbúðabréf, sem eru helstu eignir sjóðsins í innlendum skuldabréfum, hækkuðu um 7,1%-13,8%. Verðbólga hefur mælst stöðug og undir markmiði Seðlabankans en í lok árs stóð ársverðbólgan í 1,9%.

Frjálsi 1, sem er stærsta, fjölmennasta og elsta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 6,9% nafnávöxtun og 5,0% raunávöxtun. Ávöxtunin skýrist einna helst af hækkuðum á innlendum skuldabréfum og á erlendum hlutabréfum. Í lok ársins var hlutfall innlendra skuldabréfa af eignum leiðarinnar um 50% og hlutfall erlendra hlutabréfa um 26%. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 6,5% á ársgrundvelli og raunávöxtun 4,4%.

Frjálsi 2, skilaði 6,5% nafnávöxtun og 4,7% raunávöxtun á tímabilinu. Ávöxtun má rekja til hækkunar á innlendum skuldabréfum, en það er stærsti eignaflokkur leiðarinnar og var vægi þeirra 70% í árslok. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 6,0% á ársgrundvelli og raunávöxtun 3,8%.

Frjálsi 3, sem er áhættuminnsta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 6,7% nafnávöxtun og 4,9% raunávöxtun. Ávöxtunina má rekja til vaxtatekna af innlánum og hækkuðum innlendra skuldabréfa, þá einkum verðtryggðra skuldabréfa en vægi þeirra í lok árs var um 93% og hlutfall innlána um 6% af eignum leiðarinnar. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 4,7% á ársgrundvelli og raunávöxtun 2,6%.

Frjálsi Áhætta, sem er áhættumesta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 5,8% nafnávöxtun og 4,0% raunávöxtun árið 2017. Ávöxtunina má rekja til hækkunar á innlendum skuldabréfum og erlendum hlutabréfum, en vægi innlendra skuldabréfa var um 53% og vægi erlendra hlutabréfa um 11% í lok árs. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 7,9% á ársgrundvelli og raunávöxtun 5,7%.

Frjálsi Tryggingadeild, skilaði 4,8% nafnávöxtun og 3,0% raunávöxtun. Í lok árs 2017 vógu innlend skuldabréf um 68% af eignum deildarinnar, innlend hlutabréf um 16% og erlend verðbréf um 13%.

Margverðlaunaður lífeyrissjóður

Á árinu 2017 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn í fjórða sinn besti lífeyrissjóður Evrópu á meðal Evrópuþjóða með færri en eina milljón íbúa af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Frá árinu 2005 hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn fengið 11 verðlaun frá IPE sem er mesti fjöldi verðlauna sem íslenskum lífeyrissjóði hefur hlotnast.

Almennt efnahagsumhverfi

Áframhaldandi kraftur hefur verið í efnahagslífinu og var árið 2017 áttunda ár samfellds hagvaxtar á Íslandi. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands mældist hagvöxtur 4,3% fyrstu níu mánuði ársins. Líkt og undanfarin ár var hagvöxtur drifinn áfram af innlendra eftirspurn, þ.e. einkaneyslu og fjárfestingu. Greiningaraðilar spá áframhaldandi en hægjandi hagvexti næstu árin. Atvinnuleysi mældist 1,7% í nóvember og lækkaði um 0,9% milli ára.

Eftir mikla gengisstyrkingu árið 2016 endaði gengisvísitala krónu í lok árs á nánast sama gildi og í ársbyrjun, þrátt fyrir talsverðar sveiflur yfir árið. Styrking krónunnar nam 0,7% árið 2017. Krónan var engu að síður sterk, raungengið hátt og verðlag var líklega hvergi hærra í samanburði við nágrannalöndin.

Ár hins verðlagsmeðvitaða neytanda, lítillar verðbólgu og losun fjármagnshafata

Í mars voru fjármagnshöft að mestu afnumin, en helstu takmarkanir á fjármagnsflutninga ná til vaxtamunaviðskipta og tiltekinna afleiðuviðskipta. Verðbólga hefur mælst stöðug og undir markmiði Seðlabankans í hart nær fjögur ár, en í lok árs stóð ársverðbólgan í 1,9%. Að undanförunu hefur húsnæðisliðurinn knúið verðbólguna áfram. Ef húsnæðisliðurinn er undanskilinn þá mælist 1,6% verðhjöðnun á árinu. Sterk króna, aukin samkeppni auk innfluttra og innlendra vara hafa hins vegar vegið á móti.

Samfara áframhaldandi lágru verðbólgu lækkaði Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands stýrivexti þrisvar á árinu, samtals um 0,75% og standa þeir nú í 4,25%. Seðlabankinn skipti um gir og hætti nær alfarið að kaupa gjaldeyri. Bankinn keypti gjaldeyri fyrir 70 milljarða króna í ár, samanborið við 386 milljarða króna árið 2016. Gjalddeyrisforði bankans minnkaði um 130 milljarða króna á árinu og stóð í árslok í 686 ma. kr.

Fasteignaverð hækkaði töluvert á árinu, eða um 15%. Undir lok árs fór þó að hægja á verðhækkunum á fasteignamarkaði, en íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 0,7% milli mánaða í nóvember og var það í fyrsta skipti sem mælist lækkun milli mánaða síðan í apríl 2015. En síðustu sex mánuði hækkaði íbúðaverð um 1,8%, en hækkaði um 13,1% sex mánuði þar á undan.

Innlendur hlutabréfamarkaður átti fremur erfitt uppdráttar, annað árið í röð. Úrvalsvísitalan leiðrétt fyrir arðgreiðslum (OMX18GI) lækkaði um 4,9% en árið 2016 lækkaði vísitalan um 7,8%. Vísitalan er samsett af þeim átta félögum sem hafa mestan seljanleika í viðskiptum í Kauphöll. Aðalvísitala (OMX1 Iceland All Share GI) sem mælir ávöxtun allra félaga á aðallista kauphallar, hækkaði um 4,4% á árinu.

Í fyrsta skipti í sex ár var engin nýskráning á aðalmarkaði kauphallarinnar. Í lok nóvember kvaddi Össur íslensku kauphöllina og færðist alfarið yfir í dönsku kauphöllina. Heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í íslensku kauphöllinni lækkaði við það og stóð í 770 milljörðum króna í lok árs. Heildarvelta með hlutabréf jókst um 13% á milli ára og nam velta um 80% af heildarmarkaðsvirði félaganna, og er þetta því mesta velta síðan árið 2008.

Erlendir fjárfestar fóru að sýna íslenskum hlutabréfmarkaði áhuga eftir losun fjármagnshafta og á fyrstu ellefu mánuðum ársins komu þeir með tæpa 46 milljarða króna inn á markaðinn, samanborið við 11 milljarða árið 2016. Það voru nokkrir þættir sem lituðu hlutabréfamarkaðinn öðru fremur á árinu, þ.á.m. afnám gjaldeyrishafta, áhrif Costco og stjórnarslit. Mörg félaganna hafa unnið að talsverðri hagræðingu og breytingum á rekstri m.a. vegna styrkingar krónu, aukinnar samkeppni og launahækkana.

Innlendur skuldabréfamarkaður skilaði ágætri ávöxtun á árinu samhliða lækkun raunvaxta á markaði. Verðtryggð skuldabréf skiluðu ávöxtun umfram óverðtryggð skuldabréf á árinu. Þannig hækkaði vísitala verðtryggðra skuldabréfa um 12,3% á meðan vísitala óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði um 5%. Munurinn endurspeglast í hærra verðbólguálagi, en verðbólguálag til lengri tíma hækkaði úr 2,25% í 3% á árinu. Hækkun verðbólguálags skýrist einkum af óvissu í tengslum við kjarasamninga og slaka í opinberum fjármálum. Þá hefur bindisskylda á erlendra fjárfesta dregið úr innstreymi erlendra aðila á innlendum skuldabréfamarkaði. Útgáfa skuldabréfa tók kipp upp á við og útgáfa sértryggðra bréfa og annarra bankabréfa fór yfir 100 milljarða króna.

Erlendir hlutabréfamarkaðir skiluðu heilt yfir góðri ávöxtun á árinu. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index) hækkað um 20% á árinu mælt í bandaríkjadal, þó styrking krónunnar valdi því að hækkunin er lægri mæld í krónum, eða 9,7%. Góður gangur á erlendum hlutabréfamörkuðum skýrist einum af bættri afkomu fyrirtækja, en hagnaðarvöxtur hefur verið umtalsverður á flestum landssvæðum. Þá gefa hagtölur til kynna kröftugri hagvöxt sem hefur verið yfir eða við meðaltal síðustu ára samhliða lækkandi atvinnuleysi.